

Lokaskýrsla

Stafrænt námsefni til vinnulagskennslu á Félagsvísindasviði

Markmið

- Þróa stafrænt námsefni til notkunar í vinnulagskennslu á Félagsvísindasviði, nýtilegt í „blönduðu námi“ – afurð yrði röð myndskreiða fyrir hvern námsþátt vinnulagskennslu, stafræn verkefni og könnunarprófum
- Efla grunnfærni nemenda í vinnulagi félagsvísinda um leið og stuðning við kennarar er aukinn við þróun kennsluhátta í vinnulagsnámskeiðum
- Stuðla að auknu samstarfi um þróun kennsluhátta með því að gera efnið aðgengilegt öllum nemendum og kennurum Háskóla Íslands
- Markhópar – kennarar Félagsvísindasviðs, nemendur Félagsvísindasviðs, kennarar Háskóla Íslands, nemendur Háskóla Íslands

Framvinda

Verkefnið krafðist frá upphafi samstarfs þvert á deildi Félagsvísindasviðs og stuðlaði frá upphafi að samtali og samvinnu kennara vinnulagsnámskeiða allra deilda. Þónokkur tími verkefnahópsins (kennara í vinnulagsnámskeiðum deilda) fór í skilgreina sameiginlega „snertifleti“ vinnulagskennslu á sviðinu sem gefið hefur góðar vonir um frekara samstarf kennara sviðsins.

Eins og við var að búast fór þó drýgstur tími verkefnisins í framleiðslu myndefnisins sumarið 2019 þar sem hugmynda- og grunnvinna var útfærð.

Afurðir

Alls voru unnin 21 myndskreið (stutt og hnitmiðuð, að lengd á bilinu 2 – 8 mínútur) í fjórum flokkum viðfangsefna vinnulagskennslu auk inngangs. Öll eru aðgengileg á [Panopto-vef Háskóla Íslands](#) og [Youtube-rás kennslunefndar Félagsvísindasviðs](#). Efnið er opið og aðgengilegt öllum sem vilja nýta í kennslu eða fræðslu (undir þeim formerkjum að efninu má ekki breyta með nokkrum hætti eða nýta að hluta eða öllu leiti í annað efni án samþykkis höfundu).

Flokkar og myndskreið eru eftirtalin (með vefhlekkjum í spilunarlista að baki flokkum):

Inngangur að vinnulagskennslu

- Vinnubrögð í háskólanámi - Inngangur

Bókasafnið og rafræn gagnasöfn

- Bókhlaðan
- Leitir
- Rafræn gagnasöfn
- Ebscohost
- ProQuest
- Web of Science

Meðferð heimilda

- Heimildaskráning: Beinar og óbeinar tilvitnanir
- Heimildaskráning: Heimildakerfi og heimildaskrá
- Heimildaskráning: tilvísanir
- Turnitin
- Ritstuldur

Ritmál og ritgerðasmíð

- Uppbygging ritgerða
- Algengar málfarsvillur
- Hjálpartæki íslenskunnar
- Ritmál og talmál
- Algeng mistök
- Frágangur ritgerða

Siðferði og gangrýnin hugsun

- Gagnrýnin hugsun
- Gagnrýninn lestur
- Siðferði og heiðarleiki í námi

Notkun og áhorf

Myndböndin eru eins og stendur tveggja verið notuð í námskeiðum á sviðinu og af Landsbókasafni-Háskólabókasafni á [Áttavitanum](#) (leiðbeiningavef safnsins um heimildavinnu). Nemendur og kennarar hafa almennt verið ánægðir með myndböndin. [Áhorfstölur og áhorfstímar úr vefmælingum](#) gefa vísendingar um að myndskreiðin hafi nýst vel – sér í lagi ef haft er í huga að áhorfstími nemenda á fyrirlestra er almennt stuttur. Þess má geta að til stóð að kynna efnið á sér fundi sviðsins um efnið sem ekki varð af sökum COVID-19 ástands seinustu missera. Þrátt fyrir það hefur gengið ágætlega að kynna og dreifa afurðum verkefnisins.

Næstu skref

Til stóð að kynna myndböndin fyrir öllum kennurum sviðsins á sérstökum kynningarfundum. Ekki hefur verið hægt að halda hann vegna COVID-19. Kynningarfundur verður haldinn haust 2021

Vonir stóðu til að verkefnið byggði upp og héldi við samstarfi vinnulagskennara sviðsins. En þarf að leggja vinnu í það markmið. Vegna anna tafðist að skipuleggja að vinnulagshópurinn hittist, og þegar COVID-19 skall á höfðu kennara ekki tíma til þess að sinna öðru en að komast í gegnum eigin kennslu. Sá hluti sem snéri að því að safna saman og búa til námsefni til notkunar samhliða myndskreiðunum leið fyrir það.

Áfram verður unnið í gegnum verkefnið að því að efla samvinnu kennara þvert á deildir þegar hafist verður handa við að safna saman og búa til verkefni til að nýta með myndskreiðum. Samhliða er stefnt að því að taka saman verkefni og annað efni um vinnulag sem orðið hefur til hjá kennurum í COVID-19 ástandi seinustu missera.

Útlit myndbandanna þarf að uppfæra. Búið er að endurgera myndgrafík fyrir myndskreiðin. Eftir er að klippa myndböndin að nýju með hinni nýju myndgrafík.